

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **21-039F007**

Dags: **29. apríl 2021**

Staður: **Á fisflugvellinum á Hólmsheiði**

Lýsing: **Missti afl á hreyfli skömmu eftir flugtak**

Fisflugkennari ásamt nemanda hafði framkvæmt nokkur flugtök og landingar á físi TF-135 (Kitfox I) á fisflugvellinum á Hólmsheiði.

Að þeim loknum fannst flugkennaranum sem hiti á hreyflinum (EGT) væri aðeins of lágur og var skurði á loftskrúfu því breytt í finni skurð.



Því næst fór fisflugkennarinn ásamt nemandanum aftur í loftið á olíumalarbraut sem liggur til suðvesturs. Var fisflugkennarinn að fljúga físinu.

Reyndist hitinn á hreyflinum þá réttur að sögn fisflugkennarans, eða um 1100°F í klifrinu, og var þá snúningurinn á hreyflinum um 6800 snúningar á mínútu (RPM). Að sögn flugnemans þá var kælivatnshitinn um 60°C í klifrinu.



Að sögn vitnis, klifraði físið í um 300 feta hæð yfir jörðu og var því svo beygt til vinstri og stefnan tekin á Sandskeið.

Að sögn fisflugkennarans var hitinn á hreyflinum í beygjuni eftir klífrið kominn í um 1200°F. Hafði flugkennarinn þá dregið úr afli hreyfilsins og var snúningurinn kominn niður í um 5500 á mínútu.



Að sögn nemandans missti hreyfillinn þá snögglega afl í beygjuni og stöðvaðist í kjölfarið.

Ákvað fisflugkennarinn að snúa við og lenda aftur á fisflugvellinum á sömu flugbraut og tekið hafði verið á loft frá, en að lenda úr gagnstæðri átt.

Reyndi neminn að endurræsa hreyfillinn á meðan flugkennarinn flaug fisinu aftur í átt að flugbrautinni. Tók hreyfillinn aðeins við sér, en stöðvaðist svo aftur. Kveikti þá nemandinn á neyðareldsneytisdælunni og reyndi aftur að ræsa hreyfilinn en það gekk ekki.

Fisið náði ekki inn á flugbrautina, heldur kom harkalega niður við akveg við enda flugbrautarinnar, þar sem aðalhjólábúnaður fissins brotnaði. Því næst rann fisið yfir akveginn og hafnaði á steiptum kanti sem liggur yfir hitaveitulögnina frá Nesjavöllum. Við það snérist fisið til vinstri og hægri vængendi þess skall í efri hluta hitaveitulagnarinnar. Því næst snérist fisið á bakið og hafnaði á hvolfi hægra megin við flugbrautarendann og handan við hitaveitulögnina.

Við rannsóknina kom í ljós að eigendur fissins, nemandinn ásamt öðrum meðeiganda, höfðu nýlega fest kaup á því. Hafði fisinu verið flogið lítið frá árinu 2014 fram að kaupunum. Frá kaupunum og í tengslum við endurútgáfu flughæfiskírteini fissins hafði því verið flogið um 3,5 klst.

Hreyfill fissins er tvíengismótor af gerðinni Rotax 582. Var hann tekinn í sundur og skoðaður af RNSA.

Skemmdir fundust á aftari stimpli hreyfilsins, sem gáfu til kynna að hann hefði ofhitnað og fests.



RNSA lokaði málinu með bókun á nefndarfundi þann 5. ágúst 2021.